

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Siglufjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/1988 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. maí 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

5. júní 2000

Nr. 395

AUGLÝSING

um deiliskipulag ræktunarlóðar í Neðra-Hrisnesi, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag. Skipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. júní 2000.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

17. maí 2000

Nr. 396

SAMÞYKKT

um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Stjórn Sveitarfélagsins Árborgar nefnist bæjarstjórn og er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.